

14. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

## 60. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skuli snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

## 61. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 25000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Landshafnarinnar.

## 62. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, og lögum um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 23 6. maí 1955, sbr. lög nr. 42 21. apríl 1962, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir landshöfnina í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 171 28. október 1949 og reglugerð um hafnargjöld landshafnarinnar í Keflavík og Njarðvíkum, nr. 172 28. október 1949, með breytingu, nr. 163 16. september 1958.

*Samgöngumálaráðuneytið, 14. febrúar 1963.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**AUGLÝSING**  
**um nýja lyfjaverðskrá II.**

Frá og með 15. febrúar n. k. gengur í gildi ný lyfjaverðskrá II og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 1. febrúar 1961, með áorðnum breytingum.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 8. febrúar 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Elias Eliasson.*